3. tbl. 26. árgangur • Júní 2015

Fréttabréf

íþróttarfélaganna í Þingeyjarsýslum

Forsíðumynd

Jón Ásberg Salómonsson hefur líkt og margir aðrir beðið eftir því að eitthvað gerðist á Bakka við Húsavík. Biðin borgaði sig þar sem framundan er mesta atvinnuuppbygging í sögu Norðurlands fyrir um áttatíu milljarða króna. Ráðast þarf í uppbyggingu á kísilmálmverksmiðju á Bakka, byggingu orkumannvirkja á Þeistareykjum og flutningslínur þaðan til Húsavíkur. Framkvæmdirnar kalla á allt að 700 manns í vinnu, þegar mest verður, en áformað er að fyrsti áfangi kísilversins hefji rekstur í nóvember 2017. Starfsmannafjöldi verður um 120 manns. Þetta verður stærsta einstaka atvinnuuppbygging í sögu Norðurlands og raunar mestu framkvæmdir á landsbyggðinni, utan suðvesturhornsins, frá því smíði Kárahnjúkavirkjunar og álvers Alcoa lauk á Austurlandi. Til hamingju Þingeyingar og reyndar landsmenn allir.

Atkvæðagreiðsla stendur yfir

Félagsmenn Framsýnar sem starfa eftir kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins eiga að hafa fengið í hendur kjörgögn vegna atkvæðagreiðslu sem stendur nú yfir um kjarasamninginn sem var undirritaður 29. maí. Atkvæðagreiðslan verður með rafrænum hætti og fer fram frá kl. 8:00 föstudaginn 12. júní til kl. 12:00 mánudaginn 22. júní nk. Niðurstöður atkvæðagreiðslunnar verða kynntar eftir hádegi 22. júní á heimasíðu Framsýnar.

Félagsmenn Framsýnar sem ekki hafa aðgang að tölvu geta kosið á Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík. Félagsmenn sem hafa aðgengi að tölvu fara hins vegar inn á heimasíðu Starfsgreinasambandsins (www.sgs.is) og smella á „Kjarasamningar 2015“ á forsíðunni. Þar getur viðkomandi greitt atkvæði með því að nota lykilorðið sem hann fær sent í pósti. Allir kosningabærir félagsmenn fá sendan kynningarbækling í pósti í tengslum við atkvæðagreiðsluna, en bæklingurinn inniheldur m.a. lykilorð viðkomandi. Félagsmenn sem ekki fá kjörgögn í pósti, en telja sig hafa kjörgengi, eru beðnir um að snúa sér þegar í stað til Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík.

Mikilvægt er að félagsmenn Framsýnar taki þátt í atkvæðagreiðslu um kjarasamninginn sem var undirritaður 29. maí. Rétt er að taka fram að aðeins þeir sem starfa eftir kjarasamningi SA og SGS geta kosið.

Sumarvinnufólk getur flogið ódýrt

Rétt er að geta þess að starfsmenn sem ráða sig í sumarstörf á félagssvæði stéttarfélganna og greiða félagsgjald til félaganna, Framsýnar, Þingiðnar, STH og Verkalýðsfélags Þórshafnar eiga rétt á ódýrum flugfargjöldum milli Húsavíkur og Reykjavíkur. Það borgar sig fyrir launþega að greiða í þessi stéttarfélög. Skrifstofa stéttarfélaganna á Húsavík veitir frekari upplýsingar.

Kjarasamningar 2015

-Upplýsingar-

Hægt er að nálgast allar upplýsingar um nýgerðan kjarasamning Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins frá 29. maí inn á heimasíðu Framsýnar, www.framsyn.is. Það á einnig við um kjarasamning Landssambands íslenskra verslunarmanna og Samtaka atvinnulífsins. Einnig má sjá frekari upplýsingar inn á heimasíðu Starfsgreinasambands Íslands, www.sgs.is eða á heimasíðu Landssambands íslenskra verslunarmanna, www.landssamband.is. Svo að sjálfsögðu eru allir velkomnir í heimsókn á Skrifstofu stéttarfélaganna vanti félagsmönnum frekari upplýsingar.

Gengið frá kjarasamningi

Samninganefnd Starfsgreinasambands Íslands undirritaði nýjan kjarasamning vegna starfa á hinum almenna vinnumarkaði þann 29. maí. Í upphafi viðræðna fór Starfsgreinasambandið fram með þá skýru kröfu að lágmarkslaun yrðu 300 þúsund krónur innan þriggja ára. Auk þess var lögð áhersla á sérstakar hækkanir hjá starfsfólki í útflutningsgreinum. Órofa samstaða og kraftur félagsmanna í aðildarfélögum Starfsgreinasambandsins skilaði því skýra markmiði sem lagt var upp með í upphafi um hækkun lægstu launa. Markmið SGS um 300 þúsund króna lágmarkslaun er orðið að veruleika.

Það var mat samninganefndarinnar að lengra yrði ekki komist eftir hörð átök og eðlilegt að bera samninginn upp til atkvæða meðal félagsmanna. Næstu tvær vikurnar verður samningurinn kynntur í aðildarfélögum SGS og skal niðurstaða atkvæðagreiðslu liggja fyrir 22. júní.

Gildistími samningsins er frá 1. maí 2015 til 31. desember 2018. Hækkanir launa koma til framkvæmda 1. maí ár hvert, alls fjórum sinnum. Frá 1. maí 2018 er lágmarkstekjutryggingin 300 þúsund krónur. Taxtar hækka svo: 1. maí 2015 um 25.000 krónur, 1. maí 2016 um 15.000 krónur, 1. maí 2017 um 4,5% og 1. maí 2018 um 3%. Að auki eru byrjunarlaunaflokkar færðir upp í 1 árs þrep og neðstu launaflokkar eru óvirkjaðir. Launafólk getur því færst til í taxtakerfinu og hækkað þannig í launum umfram það sem hækkanir taxta segja til um, mest hækkar fólk í neðstu þrepunum.

Almennar hækkanir verða 3,2-7,2% við undirritun samnings, prósentuhækkunin fer lækkandi eftir hærri tekjuþrepum. Árið 2016 (1. maí) er almenn hækkun 5,5%, árið 2017 er almenn hækkun 3% og ári síðar 2%.

Lágmarkstekjutryggingin hækkar í fjórum þrepum, verður 245.000 krónur við undirritun samnings, 260.000 árið 2016, 285.000 árið 2017 og 300.000 árið 2018 eins og áður greinir.

Orlofs og desemberuppbætur fara stighækkandi næstu þrjú árin, samtals 23.900 innan þriggja ára eða rúmlega 20%.

Fiskvinnslufólk hækkar sérstaklega og m.a. með tveggja flokka launahækkun til handa þeim sem starfað hafa hvað lengst við fiskvinnslu. Einnig tókst að tryggja lágmarksbónus í fiskvinnslu sem hefur verið baráttumál SGS frá því hóplaunakerfi var tekið upp í fiskvinnslu. Þar að auki hækkar bónus í fiskvinnslu til viðbótar almennum launahækkunum.

Formaður Framsýnar undirritaði nýja kjarasamninginn milli SGS og SA, það er fyrir Framsýn og Verkalýðsfélag Þórshafnar sem eru aðildarfélög Starfsgreinasambands Íslands. Hér er hann ásamt Magnúsi Péturssyni ríkissáttasemjara sem lét af störfum eftir undirskriftina eftir farsælt starf. Aðalsteinn og Magnús hafa unnið vel saman í gegnum tíðina.

ÚTGEFENDUR: Þingiðn, félag iðnaðarmanna, Starfsmannafélag Húsavíkur, Framsýn- stéttarfélag, Verkalýðsfélag Þórshafnar.
Garðarsbraut 26 • 640 Húsavík • Sími 464 6600 • Fax 464 6601 • e-mail: kuti@framsyn.is • Heimasíða: www.framsyn.is • **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Aðalsteinn Á Baldursson
Fréttabréfið er skrifað 10. júní 2015 og gefið út í 2000 eintökum. **HÖNNUN/UMBROT:** Skarpur, Húsavík. **PRENTUN:** Ásprent, Akureyri.

Ríkistjórnin greiðir fyrir gerð kjarasamninga

Ríkisstjórnin hefur kynnt aðgerðir í 11 liðum til að greiða fyrir kjarasamningum. Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar er svohljóðandi:

Aðgerðir í 11 liðum vegna kjarasamninga

•Breytingar á tekjuskatti leiða til hækkunar á ráðstöfunartekjum allra launþega

•Heildarlækkun á tekjuskatti einstaklinga á kjörtímabilinu allt að 16 milljarðar

•Átak um byggingu 2300 félagslegra íbúða

•Komið til móts viðefnaminni leigjendur og þá sem kaupa fyrstu íbúð

Aukið samstarf við aðila vinnumarkaðar með stofnun þjóðhagsráðs.

Ríkisstjórn Íslands samþykkti ráðstafanir í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Aðgerðirnar eru í 11 liðum og lúta að ýmsum sviðum skatta- og velferðar- og húsnæðismála sem og úrbótum á sviði hagstjórnar og opinberra fjármála. Mikilvæg forsenda fyrir ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar er að kjarasamningar á almennum og opinberum markaði leiði ekki til óstöðugleika í efnahagsmálum. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar taka mið af því að í fyrirhuguðum samningum á almennum vinnumarkaði er hugað sérstaklega að þeim tekjulægstu og að lágmarkslaun hækki í 300 þúsund krónur á samningstímanum.

Ríkisstjórnin mun meðal annars beita sér fyrir breytingum á tekjuskatti einstaklinga sem munu leiða til hækkunar á ráðstöfunartekjum allra launþega, en þó sérstaklega millitekjuhópa. Sem dæmi má nefna að ráðstöfunartekjur um 65% fullvinnandi launamanna munu aukast um 50 þúsund eða meira á ári og ráðstöfunartekjur launþega með meðaltekjur munu aukast um tæpar 100 þúsund á ári. Breytingarnar munu einnig leiða til einföldunar tekjuskattkerfisins og aukins gagnsæis og skilvirkni, en skattþrepum verður fækkað úr þremur í tvö. Þá mun persónuafsláttur hækka til samræmis við verðlagsbreytingar.

Með aðgerðunum mun heildarlækkun á tekjuskatti einstaklinga því nema um allt að 16 milljörðum króna á kjörtímabilinu. Það samsvarar tæpum 13% af tekjum ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga miðað við áætlun fjárlaga 2015.

Ríkisstjórnin skuldbindur sig einnig, í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins, til að skapa bætt skilyrði fyrir uppbyggingu á húsnæðismarkaði. Þannig verði stuðlað að fjölgun ódýrra og hagkvæmra íbúða með það að markmiði að tryggja tekjulágum fjölskyldum leiguhúsnæði til lengri tíma og ráðist í átak um byggingu 2.300 félagslegra íbúða á tímabilinu 2016-19.

Einnig verði stuðlað að lækkun byggingarkostnaðar, meðal annars með endurskoðun byggingarreglugerðar og gjaldtöku sveitarfélaga. Húsnæðisbætur verði hækkaðar til að styðja við almennan leigumarkað og lækka húsnæðiskostnað efnaminni leigjenda og skattlagningu breytt í þeim tilgangi að lækka leiguverð og auka framboð á leigumarkaði. Þá verði komið sérstaklega til móts við þá sem kaupa sína fyrstu íbúð, m.a. með því að ungu fólki verði heimilt að nýta séreignarsparnað til þess. Unnið verður að framangreindum markmiðum í samráðshópi ríkis, sveitarfélaga og heildarsamtaka aðila á vinnumarkaði með hliðsjón af fyrirliggjandi vinnu stjórnvalda við umbætur á húsnæðismarkaði og hugmyndum sem komið hafa upp í samráðshópnum.

Í því skyni að bæta samspil ríkisfjármála, peningastefnu og vinnumarkaðar lýsir ríkisstjórnin sig reiðubúna að stofna sérstakt þjóðhagsráð þar sem aðild eigi oddvitar ríkisstjórnar og fulltrúar Seðlabankans, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins.

Aðrar aðgerðir lúta að jöfnun örorkubyrði lífeyrissjóða, niðurfellingu tolla á fatnað og skó, lækkun á kostnaði sjúklinga, auknum framlögum til framhaldsfræðslu og starfsmenntunar, átaki gegn skattaundanskotum, einföldun og endurskoðun regluverks og eftirlits með atvinnustarfsemi, stefnumörkun í opinberum fjármálum og samstarfi um mótun vinnumarkaðsstefnu og skipulag vinnumarkaðsmála.

Áskorun til ríkisstjórnar Íslands

-Aldraðir, öryrkjar, atvinnuleitendur-

Stjórn og trúnaðarmannaráð Framsýnar samþykkti á fundi í síðustu viku að skora á ríkistjórn Íslands að standa vörð um kjör aldraða, öryrkja og atvinnuleitendur. Sjá meðfylgjandi áskorun:

„Framsýn stéttarfélag skorar á ríkisstjórn Íslands, nú þegar kjarasamningar hafa verið lagðir fram á almennum vinnumarkaði, að tryggja að aldraðir , öryrkjar og atvinnuleitendur njóti jafnréttis og verði tryggðar sömu kjara¬leiðrétt¬ingar og öðrum hóp¬um sam¬fé¬lag¬sins.

Framsýn telur jafnframt eðlilegt að kjör aldraðra, öryrkja og atvinnuleitenda taki auk þess mið af viðurkenndum framfærslumiðmiðum.

Ljóst er að skattkerfisaðgerðir ríkisstjórnarinnar koma þeim hópum sem minnst hafa ekki til góða, í þeim hópum eru tugir þúsunda manna sem í engu hafa notið umtalaðs launaskriðs og vaxandi kaupmáttar.

Það er þjóð sem stendur meðal ríkustu þjóða heims til háborinnar skammar að halda ákveðnum hópum í þjóðfélaginu í fátækragildru á sama tíma og dregið er úr sköttum hjá þeim tekjuhærri.“

Unnið að viðgerðum

Um þessar mundir eru iðnaðarmenn að gera við múrskemmdir á húsnæði stéttarfélaganna á Húsavík. Til stendur að laga húsið að utanverðu, það er að gera við múrskemmdir auk þess sem húsið verður málað. Friðrik Jónason er hér að háþrýstiþvo húsið áður en það verður málað.



Samningur starfsmanna við hvalaskoðun

Þann 29. maí gengu Framsýn og Samtök atvinnulífsins frá endurnýjuðum samningi fyrir starfsmenn við hvalaskoðun á Húsavík. Samkomulagið er eftirfarandi:

Samkomulag aðila frá 9. ágúst 2013, með breytingum frá 21. febrúar 2014, mun gilda á samningstíma aðalkjarasamnings, þ.e. til 31. desember 2018. Mánaðarlaun almennra starfsmanna hækka þannig um kr. 25.000 frá 1. maí 2015, kr. 15.000 frá 1. maí 2016, 4,0% frá 1. maí 2017 og 3,0% frá 1. maí 2018. Aðrir kaupliðir hækka með sama hætti og kaupliðir í almennum kjarasamningi aðila.

Gengið hefur verið frá nýjum samningi fyrir starfsmenn sem starfa við hvalaskoðun á Húsavík. Starfsmenn geta nálgast samninginn á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Samstarfssamningur undirritaður

Framsýn og Umf. Efling hafa gert með sér samstarfssamning sem felur í sér að Framsýn styrkir starfsemi Eflingar með búningakaupum. Fleiri aðilar koma að því verkefni. Andri Hnikar Jónsson formaður Eflingar kom við á Skrifstofu stéttarfélaganna og gekk frá samningum við formann Framsýnar, Aðalstein Árna Baldursson.

Hnikar og Aðalsteinn skrifuðu undir samstarfssamning Framsýnar og Umf. Eflingar um búningakaup fyrir íþróttafélagið.

FRAMSÝN

Atvinnurekendur ath.

-Fræðslugjaldið-

Töluverður misbrestur er á því að atvinnurekendur sem greiða laun eftir kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Starfsgreinasambands Íslands skili inn réttu iðgjaldi í Fræðslusjóðinn Landsmennt sem Skrifstofa stéttarfélaganna á Húsavík sér um að innheimta fyrir sjóðinn. Rétt er að ítreka að gjaldið er 0.30%.

Hákon kveður eftir áratuga starf

Nýlega var aðalfundur Orlofsbyggðarinnar á Illugastöðum haldinn. Á fundinum lét Hákon Hákonarson af störfum sem formaður stjórnar orlofsbyggðarinnar en stjórnarseta hans spannar orðið yfir 38 ár. Við keflinu af Hákoni tók Björn Snæbjörnsson. Hákoni voru þökkuð stjórnarstörfin og Björn boðinn velkominn sem næsti formaður og hvattur til góðra verka.

Orlofshúsin á Illugastöðum eru nú 32 talsins, en mikið starf hefur verið unnið þar við uppbyggingu síðustu áratugi, byggðin vaxið og dafnað, stjórn orlofsbyggðarinnar og stéttarfélögunum sem að henni standa til mikils sóma. Nú er unnið að nýju deiliskipulagi sem gefur m.a. möguleika á að bæta við byggðina öðrum 32 húsum og verður það skipulag væntanlega kynnt almenningi í lok þessa mánaðar. Búið var á Illugastöðum til ársins 1961 og til gamans má geta þessa að fráfarandi formaður orlofsbyggðarinnar sleit þar barnskuskónum, en síðustu ábúendur á Illugastöðum voru afi hans og amma Gunnar Sigurjónsson og Sigurbjörg Sigurjónsdóttir.

Framsýn stéttarfélag þakkar Hákoni Hákonarsyni vel unnin störf í þágu orlofsbyggðarinnar og óskar honum velfarnaðar í framtíðinni. Framsýn stéttarfélag á eitt orlofshús á Illugastöðum.

Fæði og vinnufatnaður í ferðaþjónustu

Dæmi eru um að Skrifstofu stéttarfélaganna hafi borist ábendingar frá starfsmönnum í ferðaþjónustu um að þeir séu látnir greiða að hluta fyrir fæði á vinnutíma. Rétt er að taka fram að slíkt er ólöglegt samkvæmt kjarasamningum Samtaka atvinnulífsins og Framsýnar. Í grein 4.5.1. er kveðið á um að vinnuveitandi leggi starfsfólki til fæði á vinnutíma því að kostnaðarlausu. Þá hafa einnig borist fyrirspurnir varðandi reglur um vinnufatnað. Starfsfólk skal ávallt vera hreint og snyrtilegt til fara. Sé þess óskað að starfsfólk klæðist sérstökum vinnufatnaði, ákveðnum lit eða gerð fatnaðar, skal vinnuveitandi leggja slíkan fatnað til eftir þörfum, starfsfólki að kostnaðarlausu. Skal hann vera eign vinnuveitenda og eingöngu notaður í vinnutíma. Þar sem þess gerist þörf skal vinnuveitandi leggja starfsmönnum til sloppa, hlífðarsvuntur og hanska eftir þörfum. Vinnuveitandi skal sjá um viðhald og hreinsun þess vinnufatnaðar, sem hann leggur til og er hans eign.

Eitthvað er um að atvinnurekendur virði ekki kjarasamninga er varðar vinnufatnað starfsmanna og frítt fæði á vinnutíma. Atvinnurekendum ber að virða kjarasamninga.

Leiguverð á íbúðum stéttarfélaganna

Frá og með 1. júní verður leiguverð á íbúðum Framsýnar og Þingiðnar í Reykjavík og Kópavogi til félagsmanna kr. 26.000 fyrir hverja viku. Sólahringsleiga verður kr. 5.000.

Húsavík skartar góðum veitingastöðum

Húsavík hefur byggst upp sem eftirsóttur ferðamannastaður á undanförnum árum og skartar t.d. nokkrum góðum veitingastöðum. Einn af þeim er Naustið sem sérhæfir sig í fiskréttum. Staðurinn hefur fengið góða dóma og er til mikillar fyrirmyndar. Full ástæða er til fyrir heimamenn og ferðamenn að koma við og fá sér ljúffenga máltíð á Naustinu í notalegu umhverfi rétt við höfnina á Húsavík sem er einn fallegasti staðurinn á Húsavík.

Það er vel tekið á móti gestum sem leggja leið sína á veitingastaðinn Naustið við Húsavíkurhöfn sem sérhæfir sig í fiskréttum.

Svona bros fær menn til að kaupa meira og meira…..

Er þinn starfsmaður í vitlausu félagi?

Fyrirtækjum í ferðaþjónustu og öðrum atvinnugreinum ber að greiða af starfsmönnum til Framsýnar enda starfi þeir eftir kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins sem Framsýn á aðild að. Framsýn er ætlað að geta hagsunna félagsmanna á skilgreindu félagssvæði sem nær frá Raufarhöfn í austri að Vaðlaheiði í vestri enda með samningsumboð fyrir þessa starfsmenn. Félaginu er kunnugt um að einhverjir starfsmenn séu að greiða í önnur stéttarfélög sem hafa ekki samningsumboð fyrir starfsmenn s.s. í ferðaþjónustu. Atvinnurekendur eru beðnir um að virða þessar reglur.

Fyrirtækjum á félagssvæði Framsýnar ber að greiða af starfsmönnum til Framsýnar enda félaginu ætlað að gæta hagsmuna þeirra. Hér er átt við starfsmenn sem starfa eftir kjarasamningi SGS og SA sem Framsýn á aðild að.

Kaffiboð á Raufarhöfn

Framsýn stóð fyrir kaffiboði á Kaffi Ljósfangi á Raufarhöfn síðasta föstudag, 5. júní. Fjölmargir gestir lögðu leið sína í boðið sem tókst í alla staði mjög vel. Boðið var upp á kaffi og heimsins bestu tertur frá kvenfélaginu á Raufarhöfn. Framsýn þakkar fyrir frábærar móttökur. Meðfylgjandi myndir tala sínu máli.

Félögum fjölgar og fjölgar

Alls greiddu 2.378 félagsmenn til Framsýnar- stéttarfélags á árinu 2014 en greiðandi félagar voru 2.265 árið 2013. Greiðandi félagsmönnum fjölgaði því milli ára um 113 eða um 5%. Samkvæmt samþykkt stofnfundar félagsins frá 1. maí 2008 er ekki lengur miðað við sérstakt lágmarksgjald svo menn teljist fullgildir félagsmenn heldur teljast þeir félagsmenn sem greiða til félagsins á hverjum tíma og ganga formlega í félagið. Um síðustu áramót voru gjaldfrjálsir félagsmenn samtals 243, það eru aldraðir og öryrkjar sem ekki eru á vinnumarkaði. Þá má geta þess að 401 launagreiðendur greiddu til Framsýnar á síðasta ári og fjölgaði þeim um 55 á milli ára. Árið á undan greiddu 346 launagreiðendur til félagsins.

Fyrirtækjum sem greiða iðgjöld til Framsýnar fjölgar milli ára líkt og félagsmönnum.

30 milljónir til félagsmanna

Á árinu 2014 nutu 904 félagsmenn bóta úr sjúkrasjóði Framsýnar en voru 519 árið 2013. Samtals námu greiðslur vegna sjúkradagpeninga, annarra bóta og styrkja kr. 30.197.469,-. Um er að ræða greiðslur eins og sjúkradagpeninga vegna vinnutaps, sjúkraþjálfunar, útfararstyrk og fæðingarstyrk. Sambærileg tala fyrir árið 2013 er kr. 29.478.415,-. Samkvæmt þessum tölum er óveruleg hækkun milli ára á styrkjum úr sjúkrasjóði.

14 milljónir í fræðslustyrki

Framsýn er mjög umhugað um starfsmenntun félagsmanna. Á árinu 2014 fengu 311 félagsmenn greiddar 12.439.189,- í einstaklingsstyrki frá fræðslusjóðum í endurgreiðslur vegna náms eða námskeiða. Sambærileg tala fyrir árið 2013 var kr. 10.036.496.

Námsstyrkir árið 2014 skiptast þannig milli sjóða:

156 félagsmenn fengu greidda styrki úr Landsmennt kr. 5.736.595,-.

12 félagsmenn fengu greidda styrki úr Sjómennt kr. 719.925,-.

14 félagsmenn fengu greidda styrki úr Ríkismennt kr. 435.664,-.

39 félagsmenn fengu greidda styrki úr Fræðslusjóði verslunar og skrifstofufólks kr. 1.949.902,-.

50 félagsmenn fengu greidda styrki úr Sveitamennt kr. 2.052.656,-.

Að auki fengu 40 félagsmenn sérstaka styrki úr Fræðslusjóði Framsýnar kr. 1.544.447,-. Getið er um þá í ársreikningum félagsins.

Fræðslusjóðirnir eru fjármagnaðir með framlögum frá fyrirtækjum, sveitarfélögum og ríkisstofnunum sbr. ákvæði kjarasamninga. Það á þó ekki við um Fræðslusjóð Framsýnar sem hefur ekki fastan tekjustofn.

Flugið er til einkanota

Rétt er að ítreka að stéttarfélagskjörin á flugmiðum milli Húsavíkur og Reykjavíkur með Flugfélaginu Erni eru aðeins fyrir félagsmenn stéttarfélaganna, það er til einkanota, ekki ef þeir eru að ferðast á vegum fyrirtækja.

STARFSMANNAFÉLAG HÚSAVÍKUR

FRAMSÝN
STÉTTARFÉLAG HINGEYINGA

122 milljónir til félagsmanna

Atvinnuástandið á félagssvæði Framsýnar hefur allt frá hruninu 2008 verið heldur að lagast. Það sýna tölur Vinnumálastofnunar en 203 félagsmenn komu inn á atvinnuleysisskrá árið 2014. Þeir voru 209 árið 2013.

Félagsmenn fengu greiddar kr. 122.986.578,- í atvinnuleysisbætur og mótframlög frá Vinnumálastofnun á árinu 2014. Greiðslurnar hækkuðu töluvert milli ára en upphæðin var kr. 114.240.283,- árið 2013.

Dagpeningar 105.313.719
Tekjutenging 5.007.375
Barnadagpeningar 3.555.367
Samtals 113.876.461
Mótframlag 9.110.117

Á aðalfundi Framsýnar kom fram ákveðin bjartsýni varðandi atvinnumálin þar sem framkvæmdir eru hafnar á Þeistareykjum auk þess sem framkvæmdir á Bakka fara væntanlega af stað á næstu vikum.

Um 122 milljónir voru greiddar í atvinnuleysisbætur til félagsmanna Framsýnar á síðasta ári. Allt bendir til þess að atvinnuástandið lagist verulega á árinu 2015 enda miklar framkvæmdir fyrirhugaðar á svæðinu.

Rekstur Framsýnar til fyrirmyndar

Huld Aðalbjarnardóttir, skrifstofu- og fjármálastjóri, kynnti ársreikning Framsýnar á aðalfundi félagsins fyrir árið 2014. Á árinu greiddu 2.378 félagsmenn til félagssjóðs Framsýnar á móti 2.265 á árinu 2013. 1.194 karlar og 1.184 konur. Iðgjöld félagsins námu 124.077.077 kr. á móti 115.193.347 kr. á árinu 2013 sem nemur um 8% hækkun á milli ára. Þess utan voru gjaldfrjálsir félagsmenn 243 á árinu. Þá voru greiddir út 904 styrkir úr sjúkrasjóði félagsins á móti 857 styrkjum 2013 og úr starfsmenntunarsjóðum voru greiddir 311 styrkir 2014 en 277 árið 2013. Samtals námu greiðslur vegna sjúkradagpeninga, annarra bóta og styrkja 30.197.469 kr. á móti 29.478.415 á árinu áður sem er hækkun um 2% milli ára.

Á Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík störfuðu 6 starfsmenn í 5,2 stöðugildum. Þar að auki störfuðu 4 starfsmenn í 0,5 stöðugildum hjá Framsýn við að þjónusta orlofsíbúðir í Reykjavík, Kópavogi , við orlofshús í Öxarfirði og félagsmenn á Raufarhöfn. Fram kom hjá Huld að ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið á undan, að öðru leyti en kemur fram í reikningsskilakafla ársreikningsins. Í sameinuðum rekstrar- og efnahagsreikningi nam hreinn tekjuafgangur félagsins kr. 65.635.375 og eigið fé í árslok nam kr. 1.517.577.356.

Fyrir liggur að Framsýn er afar vel rekið stéttarfélag sem skilar sér í öflugu starfi, góðri þjónustu og háum styrkjum til félagsmanna í formi fræðslu- og styrkja úr sjúkrasjóði félagsins. Tekjuafgangur á síðasta ári var um 66 milljónir.

Klappað á aðalfundi Framsýnar

Aðalfundur Framsýnar fór fram þriðjudaginn 19. maí. Fundurinn var vel sóttur og gekk vel fyrir sig. Mörg mál voru á dagskrá fundarins auk þess sem gögn úr rekstri félagsins voru lögð fram. Ánægja kom fram á fundinum með starfsemi og rekstur félagsins sem er einn sá besti innan aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands og sáu fundarmenn ástæðu til að klappa fyrir góðum árangri félagsins. Kröftugar umræður urðu um kjaramál þar sem hörð gagnrýni kom fram á Samtök atvinnulífsins fyrir skilningsleysi á kröfum aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands. Boðuð verkföll væru á þeirra ábyrgð. Hér má sjá áhugaverðar upplýsingar sem fram komu á fundinum:

Greiðandi félagar

Alls greiddu 2.378 félagsmenn til Framsýnar- stéttarfélags á árinu 2014 en greiðandi félagar voru 2.265 árið 2013. Greiðandi félagsmönnum fjölgaði því milli ára um 113 eða um 5%.

Ódýrir flugmiðar, besta kjarabótin á árinu:

Framsýn festi kaup á 3700 flugmiðum af Flugfélaginu Erni á árinu 2014 fyrir um kr. 28 milljónir. Varlega áætlað spöruðu félagsmenn sér um 29 milljónir við kaup á flugmiðum í gegnum Framsýn.

Gengið frá ályktun um kjaramál á fundinum. Nokkrar breytingatillögur komu fram við drög að ályktun sem lág fyrir fundinum. Hér eru nokkrir fundarmenn með fundarstjóra fundarins, Ósk Helgadóttur, að koma sínum skoðunum á framfæri við drögin. Eftir að allir höfðu komið sínum skoðunum á framfæri var ályktunin samþykkt samhljóða.

Gleði og hamingja, fundarmenn voru ánægðir með starfsemi félagsins og klöppuðu enda full ástæða til þess þar sem Framsýn er eitt öflugasta stéttarfélag landsins.

Fólk kom víða að á fundinn. Hér má sjá mæðgurnar úr Baldursheimi í Mývatnssveit.

Rekstur Skrifstofu stéttar-félaganna með ágætum

Rekstur Skrifstofu stéttarfélaganna gekk að venju vel á síðasta starfsári. Í dag starfa 5 starfsmenn á skrifstofunni í fullu starfi og einn starfsmaður er í hlutastarfi við ræstingar og þrif. Til viðbótar eru fjórir starfsmenn í 0,4% stöðugildum við umsjón á orlofsíbúðum/húsum sem eru í eigu félagsins og við þjónustu við félagsmenn Framsýnar á Raufarhöfn.

Félagið heldur úti öflugri heimasíðu og Fréttabréfi sem tengir hinn almenna félagsmann við stjórn félagsins, starfsmenn og félagið í heild sinni. Full ástæða er til að hvetja félagsmenn til að fylgjast með starfi félagsins inn á heimasíðu stéttarfélaganna sem reglulega er uppfærð með fréttum og tilkynningum til félagsmanna auk þess sem hægt er að nálgast þar aðrar þarfar upplýsingar inn á vefnum er snerta til dæmis kjaramál. Ef marka má heimsóknir á síðuna eru menn mjög duglegir að fylgjast með starfsemi félaganna. Sem dæmi má nefna að 3.462 heimsóttu síðuna á viku tímabili í maí.

Skrifstofa stéttarfélaganna er opin átta tíma á dag. Starfsfólk skrifstofunnar er í góðu sambandi við félagsmenn og eru heimsóknir á skrifstofuna mjög tíðar, auk þess sem stórum hluta starfsins er sinnt í gegnum síma og með heimsóknum á vinnustaði og í skóla. Vinnustaðaheimsóknir hafa aldrei verið fleiri en á síðasta starfsári sem og félagsfundir. Ekki eru fyrirsjáanlegar frekari breytingar á rekstri skrifstofunnar.

Góð nýting hefur verið á félagsaðstöðunni enda mikil starfsemi í gangi á vegum stéttarfélaganna. Þá er greinilegt að framkvæmdir sem hafnar eru á svæðinu s.s. á Þeistareykjum og væntanlegar framkvæmdir á Bakka kalla á aukna notkun á fundarsal stéttarfélaganna þar sem verktakar og aðrir þeir sem koma að framkvæmdunum hafa þegar sóst eftir aðstöðu fyrir fundi og námskeið sem tengjast t.d. framkvæmdunum á Þeystareykjum. Salurinn er töluvert bókaður undir námskeið og fundi um þessar mundir sem tengist þessum framkvæmdum sem þarf ekki að koma á óvart þar sem salurinn er sérstaklega útbúin fyrir námskeið og fundi.

Rekstur Skrifstofu stéttarfélaganna var til umræðu á aðalfundi Framsýnar í maí. Fundarmenn voru ánægðir með þjónustu félagsins við félagsmenn. Ef marka má brosið á þessum myndarlegu konum sem komu við á skrifstofunni eru menn ánægðir með þjónustu stéttarfélaganna.

Lausar vikur í orlofshúsum

Eftir úthlutun til félagsmanna sem sóttu um orlofshús fyrir auglýstan tíma eru nokkrar vikur lausar. Vikurnar eru auglýstar inn á heimasíðu stéttarfélaganna. Endilega hafið samband við Skrifstofu stéttarfélaganna ef ykkur vantar frekari upplýsingar um laus orlofshús í sumar.

GPG- Fiskverkun greiðir mest til Framsýnar

Á aðalfundi Framsýnar kom fram að GPG-Fiskverkun greiddi mest allra sveitarfélaga/stofnana og fyrirtækja í iðgjöld til Framsýnar eða samtals kr. 9,9 milljónir á árinu 2014. Þar á eftir kemur sveitarfélagið Norðurþing með 9 milljónir. Innifalið í upphæðinni eru félagsgjöld starfsmanna og iðgjöld fyrirtækja/sveitarfélaga/stofnana í sjóði Framsýnar. Röð launagreiðenda eftir greiðslum til Framsýnar:

GPG Seafood ehf.
Norðurþing
Norðlenska matborðið ehf.
Brim hf.
Ríkissjóður Íslands
Þingeyjarsveit
Hvammur, heimili aldraðra

GPG-Fiskverkun greiddi mest allra launagreiðenda í iðgjöld til Framsýnar eða samtals kr. 9,9 milljónir á árinu 2014.

Orlofsuppbót 2015

Verði kjarasamningur Samtaka atvinnulífsins og Starfsgreinasambands Íslands samþykktir í yfirstandandi atkvæðagreiðslu verður orlofsuppbótin kr. 42.000 m.v. fullt starf og hlutfallsleg miðað við starfstíma og starfshlutfall. Það á einnig við um þá félagsmenn Framsýnar sem starfa eftir kjarasamningi Landssambands íslenskra verslunarmanna og Samtaka atvinnulífsins.

Nokkrir samningar lausir

Kjarasamningar Framsýnar, Starfsmannafélags Húsavíkur og Þingiðnar eru lausir um þessar mundir er varðar starfsmenn sem starfa hjá ríkinu, sveitarfélögum, Landsvirkjun, Eddu hótelum og bændum. Þá er samningur við smábátaeigendur einnig laus er varðar beitningu og netafellingu.

Þrátt fyrir að búið sé að semja á almenna vinnumarkaðinum eru margir kjarasamningar lausir um þessar mundir. Reikna má með að starfsmenn stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum verði við samningaborðið í allt sumar og jafnvel fram á haust. Hægt verður að fylgjast með gangi mála inn á heimasíðu stéttarfélaganna.

Námskeið fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu

Framsýn hefur ákveðið að standa fyrir námskeiði fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu á næstu vikum. Skráning á námskeiðið er á Skrifstofu stéttarfélaganna á netfangið kuti@framsyn.is eða í síma 4646600. Kennt verður á íslensku og ensku ef með þarf. Námskeiðið er félagsmönnum að kostnaðarlausu og verður haldið þar sem þátttaka næst, það er t.d. í Mývatnssveit, Reykjadal, Aðaldal, Húsavík, Öxarfirði eða Raufarhöfn. Um er að ræða tveggja tíma kvöldnámskeið þar sem farið verður yfir helstu atriði kjarasamninga. Þátttakendur fá innsýn inn í kjarasamninga og helstu réttindi og skyldur. Mikil þörf er á því að starfsmenn séu vel inn í sínum málum. Þess vegna hefur Framsýn ákveðið að bjóða félagsmönnum sem starfa í ferðaþjónustu upp á stutt námskeið um þeirra réttindi og skyldur. Þá stendur fyrirtækjum í ferðaþjónustu einnig til boða að fá starfsmenn Framsýnar með kynningu inn á vinnustaðina varðandi þessi mál.

Vöfflur og kaffi í boði

Á dögunum var Framsýn með opið hús þar sem gestum og gangandi var boðið upp á vöfflur með rjóma og sultu. Tilefnið var að Framsýn hefur gengið frá 25 kjarasamningum við fyrirtæki á félagssvæðinu, það er áður en gengið var frá kjarasamningum á almenna vinnumarkaðinum. Þó nokkrir komu við og fengu sér kaffi og vöfflur. Sjá myndir:

Sjómenn heiðraðir á Húsavík

Tveir sjómenn voru heiðraðir á Húsavík á Sjómannadaginn, það voru bræðurnir Pétur og Skarphéðinn Olgeirssynir. Athöfnin fór fram í sal Miðhvamms þar sem Slysavarnardeild kvenna stóð fyrir sjómannadagskaffi. Fjölmenni var við athöfnina sem fór vel fram. Aðalsteinn Árni Baldursson formaður Framsýnar sagði nokkur orð og rakti sjómannsferil þeirra bræðra sem má lesa hér:

Ágæta samkoma!

Ég vil í upphafi óska sjómönnum og fjölskyldum þeirra um land allt til hamingju með daginn. Dagurinn í dag skapar ákveðinn sess í lífi okkar Húsvíkinga enda tengjumst við flest sjómennskunni á einn eða annan hátt. Faðir minn stundaði t.d. sjómennsku á sínum tíma sem og hálfbróðir og alnafni Aðalsteinn Árni Baldursson sem hafið tók í sjóslysi árið 1959. Hann hafði þá stundað sjómennsku í nokkur ár, rúmlega tvítugur að aldri. Sú hefð hefur skapast víða um land að heiðra sjómenn á Sjómannadaginn, sjómenn sem skarað hafa fram úr og skilað góðu og fengsælu starfi í gegnum tíðina þeim, fjölskyldum þeirra og þjóðinni allri til heilla. Í gegnum tíðna hafa gjaldeyristekjur þjóðarinnar að stórum hluta komið í gegnum seldar sjávarafurðir og því hafa sjómannsstörfin og störf tengd sjávarútvegi í landi skipt þjóðina miklu máli. Þess vegna, ekki síst, eiga sjómenn og fiskvinnslufólk miklar þakkir skildar fyrir þeirra framlag til þjóðarinnar. Í dag ætlum við að heiðra tvo heiðursmenn. Þeir eru ekki bara góðir sjómenn og herramenn heldur bræður og þá heita þeir báðir í höfuðið á öfum sínum, bæði í móður- og föðurætt. Þetta eru þeir Skarphéðinn Jónas Olgeirsson, eða Deddi og Pétur Sigurgeir Olgeirsson. Það má með sanni segja að um æðar þeirra streymi sjómannsblóð enda margir góðir sjómenn ættaðir úr Skálabrekku á Húsavík komnir út af Ragnheiði Jónasdóttur og Olgeiri Sigurgeirssyni. Blessuð sé minning þeirra.

Pétur Sigurgeir Olgeirsson

Hjónin Pétur og Ása Dagný Hólmgeirsdóttir.

Pétur Sigurgeir Olgeirsson fæddist á Húsavík 12. október 1945. Sonur Rögnu og Olla í Skálabrekku sem eignuðust 11 drengi en einn þeirra lest stuttu eftir fæðingu.

Hann er giftur Ásu Dagnýju Hólmgeirsdóttur frá Flatey á Skjálfanda og eiga þau þrjú uppkomin börn.

Pétur stóð varla upp úr skónum þegar hann fór að fylgja föður sínum niður fyrir bakkann. Enda þurftu allir sem vettlingi gátu valdið að taka þátt í skapa stóru heimili lífsviðurværi. Hvort heldur var að taka þátt í atvinnulífinu fyrir neðan bakkann og/eða eins og var í tilfelli Skálabrekkubræðra að hirða um bústofninn í Skálabrekku með foreldrum sínum. Bústofninn taldi nokkrar kindur og eina kú. Vinnutíminn á stóru heimili var ekki 08:00-17:00 virka daga heldur frá morgni til kvölds alla daga, það er virka daga sem helga.

Pétur fékk ungur ráðningu hjá útgerðarmönnunum Kalla í Höfða, Karli Aðalsteinssyni og Kidda nausta, Kristjáni Sigurjónssyni við að stokka upp bjóð. Það lýsir vel þeim tíðaranda sem var á þessum tíma, að geta þess að til þess að Pétur gæti stokkað upp bjóðin, var settur undir hann stór pallur svo hann næði upp fyrir borðið sem hann var að stokka við. Borðin miðuðust ekki við litla drengi heldur fullvaxið fólk.

Vorið 1961, þá 15 ára gamall, réði Pétur sig sem kokk með Guðjóni Björnssyni skipstjóra á Stefán Þór TH sem var um 50 tonna bátur. Stefán Þór var gerður út á síld frá Húsavík. Síðar um haustið sama ár réð hann sig á Helgu TH sem háseta sem var sömuleiðis um 50 tonna bátur gerður út frá Húsavík. Á þeim tíma var Pálmi Héðinsson með bátinn.

Upp úr áramótunum 1962 réði Pétur sig á Pétur Jónsson TH 50 frá Húsavík sem gerður var út frá Sandgerði yfir vetrarvertíðina. Þar var hann með skipstjórnunum Pálma Héðins og Ingvari Hólmgeirsyni. Eftir að hafa átt góðan tíma á Pétri Jónssyni réði hann sig á Smára ÞH 59 með Óskari Þórhallssyni og var þar til vorsins 1964 þegar Pétur tók sér tímabundna hvíld frá sjómennskunni og hóf nám við Stýrimannaskólann í Reykjavík þar sem hann útskrifaðist sem stýrimaður 1965.

Upp úr því fór hann á Víði II GK með Óskari Þórhallssyni. Pétur var háseti og afleysinga stýrimaður á Víði II. Pétur breytti til vorið 1966 og fór á grásleppuveiðar með tengdaföður sínum frá Flatey, Hólmgeiri Árnasyni.

Í framhaldi af því réði Pétur sig sem stýrimann á Sigurborgu SI sem gerð var út frá Akranesi og var þar til ársins 1967. Skipið stundaði bæði síldveiðar og veiðar í þorskanet. Árið 1968 var hann með Sigga Valla bróður sínum á Kristbjörgu ÞH 44 á línu, netum og þorskanót. Ári síðar réði hann sig til Bjössa Sör á Glað ÞH þar sem hann var um tíma áður en hann réði sig sem annan stýrimann á Örn KE 1. Báturinn stundaði m.a. loðnuveiðar við Ísland og síldveiðar í Norðursjó. Hann var á Erninum í tvö ár.

Eftir það tók Pétur við Glað ÞH sem skipstjóri og síðar Jóni Sör ÞH 220 sem var í eigu sömu útgerðar. Jón Sör var um 60 tonna bátur keyptur úr Stykkishólmi. Pétur keypti sig inn í útgerðina og var því á þessum tíma bæði orðinn skipstjóri og útgerðarmaður. Hann átti útgerðina með Hermanni Ragnarssyni og Jóhanni Kr. Jónssyni. Jóhann sá um bókhaldið og Hermann sá til þess að halda vél skipsins gangandi af mikilli fagmennsku.

Sumarið 1977 kaupa félagarnir Arney KE af Óskari Þórhallssyni sem var 140 tonna trébátur sem þeir áttu í eitt ár áður en þeir seldu hann. Pétur hætti útgerð árið 1978 og settist á skólabekk, það er í Tækniskóla Íslands og nam þar útgerðartækni. Pétur útskrifaðist árið 1980 og réði sig þegar í stað til Tanga hf. á Vopnafirði sem útgerðarstjóri, tveimur árum síðar gerðist hann framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Fjölskyldan bjó á Vopnafirði í 10 ár áður en þau fluttu suður til Reykjavíkur. Pétur tók við Meitlinum í Þorlákshöfn sem framkvæmdastjóri og var þar í 6 ár en hann hætti þar um áramótin 1996/97.

Pétur tók sér frí frá sjávarútveginum og snéri sér að eigin atvinnurekstri í landi ásamt börnum. Hann var viðloðandi þann rekstur í nokkur ár.

Árið 2013 kom Pétur norður til Húsavíkur en þá hafði hann ráðið sig á hvalaskoðunarbát í eigu GG-Hvalaferða, sjómennskan kallaði. Hann ætlaði sér að vera sumarlangt. Það gekk hins vegar ekki eftir þar sem hann flutti ásamt eiginkonu norður á æskuslóðirnar ári síðar, það er í Skálabrekku á Húsavík þar sem þau búa í dag og vonandi verður svo áfram. Hver veit nema Pétur fái sér nokkrar kindur og eina kú á elliárunum til að hafa í hliðunum við Skálabrekku líkt og karl faðir hans sem hafði mikið yndi og ánægju af nálægðinni við búfénaðinn, það veitti honum mikla lífsfyllingu. Í það minnsta er Pétur alltaf velkominn í Fjáreigendafélag Húsavíkur.

Eins og þessi upptalning ber með sér hefur Pétur verið lengi að og hann er enn að, því sjá má hann leggja úr höfn á Húsavík flesta daga yfir sumarið með fullann bát af ferðamönnum út á Skjálfanda í leit að hvölum og fuglalífi. Tugþúsundir ferðamanna heimsækja Húsavík á hverju ári með þá þrá í brjósti að upplifa lífríkið í blóma á Skjálfanda. Það eru fáir betur til þess fallnir en Pétur Olgeirsson að láta þennan draum rættast enda þekkir hann Skjálfandann betur en flestir aðrir enda hefur Pétur siglt um flóann við allskonar aðstæður. Það er ekki alltaf blíða á Skjálfanda, menn hafa upplifað sjóskaða og strönd við erfiðar aðstæður.

Hér er ég m.a. að vitna til strands flutningaskipsins Hvassafells sem strandaði við Flatey 7. mars árið 1975 í brjáluðu veðri. Pétur fór með björgunarsveitarmenn frá Húsavík út í Flatey á Jóni Sör ÞH. Annar bátur lagði einnig úr höfn til björgunaraðgerða. Það var Svanur ÞH. Þar stóð í brúnni Ingvar Hólmgeirsson skipstjóri. Ljóst er að Björgunarsveitin Garðar vann þrekvirki við björgun á áhöfn Hvassafells. Það skemmdi ekki fyrir að hafa tvo öfluga skipstjóra í brúnni á Jóni Sör og Svaninum sem komu björgunarsveitarmönnum á áfangastað þrátt fyrir mjög erfiðar aðstæður og tóku auk þess virkan þátt í björgunaraðgerðunum.

Þennan dag þurfti bæði kjark og þor til að sigla yfir Skjálfandann í brjáluðu veðri, hvað þá að ná landi í Flatey við þessar aðstæður enda hafnaraðstæðurnar ekki þær bestu, hvað þá í ofsaveðri.

Pétur fær á hverju ári hringingu frá áhafnarmeðlimi sem var um borð í Hvassafelli þegar skipið strandaði, það sýnir þá virðingu sem áhöfnin ber fyrir öllum þeim sem komu að björgunarafrekinu við Flatey árið 1975. Þetta er ekki eina björgunin sem Pétur hefur komið að. Þess má geta að þegar hann flutti til Vopnafjarðar kom hann að því að stofna björgunarsveit á Vopnafirði, minnugur björgunarinnar í Flatey og mikilvægi björgunarsveita. Seinna átti hann eftir að koma að björgun þegar 11 mönnum af flutningaskipi var bjargað í botni Vopnafjarðar. Björgunin tókst giftusamlega.

Pétur Sigurgeir Olgeirsson, hafðu kærar þakkir fyrir framlag þitt til samfélagsins í gegnum tíðina.

Tvö af börnum þeirra hjóna, Sævar og Linda heiðruðu foreldra sína með nærveru sinni.

Skarphéðinn Jónas Olgeirsson

Skarphéðinn Jónas Olgeirsson fæddist á Húsavík 6. júní 1948. Sonur Rögnu og Olla í Skálabrekku. Hann er giftur Kristjönu Vilborgu Ketilsdóttur úr Þistilfirði og eiga þau fjögur uppkomin börn.

Hér á árum áður þótti eðlilegt að ungir og efnilegir menn tækju til hendinni og hjálpuðu til í daglegum störfum í sjávarþorpum eins og Húsavík. Deddi lét ekki á sér standa og byrjaði ungur að leggja leið sína niður fyrir bakkann þar sem hann tók til hendinni.

Hjónin Skarphéðinn og Kristjána Vilborg Ketilsdóttir.

12 ára gamall eða um 1960 fór hann að beita hjá föður sínum sem gerði út 10 tonna bát, Njörð TH 44. Hann og Jón bróðir hans beittu upp á einn hlut enda báðir ungir að árum en Jón var árinu eldri en Deddi. Deddi var þá að klára barnaskólann og Jón var í fyrsta bekk í Gagnfræðaskóla Húsavíkur. Þrátt fyrir ungan aldur voru þeir mætir kl. fimm á morgana til að beita. Þá þurfti einnig að stokka upp bjóðin þegar Njörður kom að landi eftir velheppnaðar veiðiferðir en Njörður var dagróðrabátur. Það voru oft þreyttir ungir bræður sem gengu heim síðla dags eftir langa vinnulotu. Þá var gott að koma heim til Rögnu í Skálabrekku sem tók vel á móti drengjunum sínum.

Deddi fór fyrst á sjóinn 16 ára gamall þegar hann réði sig á Smára ÞH 59 með Óskari Þórhallssyni skipstjóra á síldveiðar sumarið 1964. Smári var rúmlega 60 tonna bátur. Um haustið fór hann með Óskari á Jörund III RE 300 á síldveiðar við stendur Noregs. Jörundur III fór fyrst íslenskra skipa á síldveiðar við Noreg. Eftir áramótin var báturinn gerður út á þorskanót við strendur Íslands, nánar tiltekið suður af landinu, enda Jörundur III öflugt skip.

Deddi hélt mikla tryggð við skipstjórann Óskar Þórhallsson frá Húsavík. Óskar tók við Víði II GK eftir að hafa verið með Jörund III. Deddi fór með honum á Víði II en sú samleið varð ekki löng þar sem Skarphéðinn veiktist alvarlega um borð, þá 17 ára gamall. Vegna veikindanna varð hann að segja sig frá sjómennsku í tvö ár meðan hann var að ná fyrri heilsu. Reyndar var hann orðinn fær til vinnu í landi ári síðar eftir veikindin og réð hann sig þá til starfa hjá Sigurði Gunnarssyni kenndan við Hlíð á Húsavík sem þá rak fiskvinnslu á staðnum.

Hafið togaði og 19 ára gamall réði hann sig á Viðey RE sem gerður var út á fiskitroll suður af landinu. Viðey kom til löndunar á Húsavík og hoppaði Deddi óvænt um borð þar sem sjómaður um borð veiktist og var leitað til Dedda um að leysa veika sjómanninn af hólmi sem hann og gerði. Deddi fór nokkra túra með skipinu um sumarið. Síðar sama ár réði hann sig hjá Hinrik Þórarinssyni á Hagbarð ÞH. Þar var hann um borð í tvö ár en Hagbarður var gerður út á línu, snurvoð og net.

Vorið 1970 urðu nokkur þáttaskil varðandi þann veiðiskap sem Deddi hafði stundað fram að þeim tíma sem háseti á nokkrum bátum af flestum stærðum og gerðum. Því þá hélt hann í víking, þó ekki langt, heldur út í Flatey á Skjálfanda með þeim bræðrum Ragnari og Jóni Hermannssonum sem stunduðu grásleppuveiðar frá Flatey. Deddi sagði ekki alveg skilið við þennan veiðiskap því ári síðar fór hann á grásleppuveiðar með Guðmundi A. Hólmgeirssyni sem gerði út frá Húsavík, bæði á grásleppu- og þorskanet.

Upp úr þessu ræður Deddi sig á báta frá Húsavík sem voru í eigu föður hans og bræðra eða sem þeir stjórnuðu sem skipstjórar. Hann var á Kristbjörgu ÞH, með Sigga Valla, Jóni Sör ÞH með Pétri, Kristbjörgu II ÞH með Hreiðari og Kristey ÞH með Heiðari Geir. Þessir bátar voru gerðir út á línu, net, troll, snurvoð og rækju. Þetta var langt og farsælt tímabil eða frá árinu 1975 til ársins 1997.

Ekki er óalgengt á Húsavík að eftir að menn hætta sjómennsku í þeirri merkingu að hafa sjómennskuna sem lifibrauð við veiðar og vinnslu að menn vendi sínu kvæði í kross og ráði sig á hvalaskoðunarbáta frá Húsavík. Deddi gekk þennan veg en hann réði sig sem vélstjóra á hvalaskoðunarbáta hjá Norðursiglingu á Húsavík árið 2001. Þar var hann til ársins 2007 þegar hann gekk í land og lauk þar með formlega löngum og ströngum sjómannsferli eftir um 40 ára starf sem sjómaður.

Fyrri hluta sjómannsferilsins var Deddi háseti. Hann náði sér í vélstjórnarréttindi en hann stundaði nám við Framhaldsskólann á Húsavík veturinn 1981 til 1982 en þá var skólinn með vélstjórnarbraut. Eftir það var hann vélstjóri á þeim bátum sem hann réði sig á, en hann hafði réttindi upp á 1018 hestafla vélar.

Það er ekki hægt að sleppa því að minnast þess að Deddi tók þátt í björgunarafrekinu við Flatey þegar Hvassafellið strandaði. Meðan Pétur bróðir hans stóð vaktina í brúnni á Jóni Sör vaktaði Deddi vélina sem var undir miklu álagi. Til er saga að því þegar Deddi kom heim til Jönu eftir frækna björgun, þá riðaði hann eins og hann væri blindfullur eftir ganginum heima. Svo var að sjálfsögðu ekki heldur þjáðist hann af mikilli sjóriðu eftir allt volkið um daginn.

Skarphéðinn Jónas Olgeirsson, hafðu líkt og Pétur kærar þakkir fyrir framlag þitt til samfélagsins í gegnum tíðina. Bræður, þjóðin er rík að eiga menn eins og ykkur að.

Villi Páls og Deddi rifjuðu upp strand Hvassafells við Flatey 7. mars 1975. Aðalsteinn formaður Framsýnar kom inn á strandið í ræðu sinni taldi afrekið einstakt. Villi kom að strandinu sem formaður Björgunarsveitarinnar Garðars og Deddi var vélstjóri á Jóni Sör ÞH sem fór með björgunarsveitarmenn út í Flatey frá Húsavík við mjög erfiðar aðstæður enda brjálað veður.

Topp rekstur hjá fámennu félagi

Aðalfundur Þingiðnar vegna starfsársins 2014 fór fram þriðjudaginn 26. maí í fundarsal stéttarfélaganna. Fundurinn fór vel fram. Fullgildir félagsmenn í Þingiðn 31. desember 2014 voru 93 talsins. Greiðandi einstaklingar voru 85 á árinu samkvæmt ársreikningum félagsins. Karlar voru 83 og konur 2. Ákveðnar væntingar eru um að félögum komi til með að fjölga á þessu ári vegna framkvæmda á Þeistareykjum og á Bakka við Húsavík. Þá má geta þess að félagsgjöld og iðgjöld ársins námu kr. 6.417.377 sem er 12,2% hækkun frá fyrra ári. Bætur og styrkir úr sjúkrasjóði árið 2014 námu kr. 2.205.806, þar af úr sjúkrasjóði kr. 1.058.333. Á árinu 2014 fengu samtals 35 félagsmenn greidda sjúkradagpeninga eða aðra styrki úr sjúkrasjóði. Samkvæmt sameinuðum rekstrar- og efnahagsreikningi nam hreinn tekjuafgangur félagsins kr. 2.618.382 og eigið fé í árslok 2014 nam kr. 211.384.832 og hefur það aukist um 1,25% frá fyrra ári. Rekstur skrifstofunnar gekk vel á síðasta ári. Þátttaka Þingiðnar í rekstrarkostnaði nam kr. 2.534.496. Innheimta félagsgjalda var með svipuðu sniði og árið á undan. Almennt eru launagreiðendur samviskusamir að skila félagsgjöldum og mótframlögum á réttum tíma. Sjá má fundargerð aðalfundarins inn á heimasíðu stéttarfélaganna, www.framsyn.is.

Hugsandi iðnaðarmenn á aðalfundi Þingiðnar.

Uppgangur í verslun og þjónustu

Það er alltaf notalegt að koma inn í verslunina Skerjakolluna á Kópaskeri. Skerjakollan er í raun lítil Smáralind, þar er m.a. marvöruverslun, kaffihús, veitingasala og vínbúð. Nýlega var þjónustan aukin við viðskiptavini og nú er hægt að kaupa pitsur á staðnum. Það má því með sanni segja að uppgangur sé í verslunar- og þjónusturekstri á Kópaskeri sem er hið besta mál að sjálfsögðu.

Inga Sigurðardóttir og Guðmundur Baldursson hafa verið að gera góða hluti í verslunarrekstri á Kópaskeri. Full ástæða er til þess að koma við hjá þeim þegar menn eiga leið um Kópasker.

Fjölmenni á hátíðarhöldunum

Um 700 manns tóku þátt í hátíðarhöldunum á Húsavík 1. maí sem fóru vel fram í góðu veðri. Boðið var upp á frábær skemmtiatriði auk þess sem tvær kröftugar ræður voru fluttar á fundinum sem vöktu mikla athygli. Samstaðan var algjör og sá fólk ástæðu til að rísa úr sætum þegar formaður Framsýnar lauk ræðu sinni og skoraði á fólk að fylgja eftir kröfunni um 300 þúsund króna lágmarkslaun. Sjá myndir frá glæsilegri hátíð stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum. Sjá má myndbönd, myndir og frekari fréttir frá hátíðinni inn á heimasíðu stéttarfélaganna, www.framsyn.is

Félagar í Þingiðn athugið

Þegar Fréttabréf stéttarfélaganna fór í prentun var ekki búið að undirrita nýjan kjarasamning fyrir félagsmenn. Góður gangur hefur verið í viðræðunum og því líklegt að skrifað verði undir kjarasamning jafnvel síðar í þessari viku. Frekari upplýsingar verður hægt að nálgast inn á heimasíðu stéttarfélaganna um leið og einhverjar fréttir berast af viðræðum Samiðnar og Samtaka atvinnulífsins.

Iðnaðarmenn innan Þingiðnar eru beðnir um að fylgjast vel með gangi kjaraviðræðna Samiðnar og Samtaka atvinnulífsins. Hægt verður að nálast upplýsingar inn á heimasíðu stéttarfélaganna www.framsyn.is um leið og eitthvað gerist.

Appið og Netbankinn

Við bjóðum góða þjónustu við flötina

Í Netbankanum og Appinu getur þú sinnt fjármálunum hvar og hvenær sem þér hentar.

Hvort sem þú ert á teig, í hádegismat í vinnunni eða á ferðalagi í útlöndum geturðu sinnt öllum helstu bankaviðskiptum í tölvunni eða snjalltækjum. Þú sérð stöðuna á reikningunum þínum, millifærir, borgar reikninga, sinnir sparnaði eða skoðar nýjustu vildartilboðin.

Kynntu þér Appið og Netbankann á islandsbanki.is